RÆÐA

eptir

byskup HELGA G. THORDERSEN

R. af Dannebr.

RÆÐA

við vígslu

Latínuskólans í Reykjavík

1. dag Octóbr. mán. 1846,

haldin af


Byskupi HELGA G. THORDERSEN

Riddara af Dannebroge.

REYKJAVÍK.

Prentuð í prentsmiðju landsins

1846.





Heiðraða samkoma!
Ástkjæru landar!

Jeg er viss um, að sá er einginn hjer nálægur, sem eigi finni með sjálfum sjer, að þessi stund er hátíðleg og alvarleg. Um leið og vjer lítum til hinna fornu tímanna, verður oss líka að renna auga til hinna ókomnu, því það er manninum lagið, að binda hið umliðna við hið nálæga, og hið nálæga við hið ókomna. — *Nýr* skóli á *nýjum* stað minnir oss á tímana sem hafa verið; hann leiðir og spásagnarandann inní hulda framtíð. Sagan segir frá því, sem var og er, og ætíð eru orð hennar alvarleg og lærdómsrík; en ímyndunin spáir hvað koma muni, og fer hún stundum nærri, en aldrei fær hún skapað þá sönnu sögu, sem er guðs verk. Einginn maður er svo skygn, hversu forspár sem hann er, að hann geti með vissu fyrirsjeð hvað verða muni.

Mart hefur verið rætt og ritað um flutníng skólans á þenna stað, og þar sem þetta mál var svo mikils umvarðandi, þá er alls ekkert tiltökumál þó munur yrði á meiníngum manna. En úr því komið er í það horf, sem nú er komið, þá er allur meiníngamunur horfinn, en allir orðnir sama sinnis, með því þeir einhuga óska, að forsjónin vilji láta leiða sem mesta heill og blessun fyrir land og lýð af þessari

breytíngu, og vilja, hver og einn fyrir sitt leyti, stuðla til þess af öllum þeim mætti sem þeim er gefinn, að sem hamíngjusamlegast megi tiltakast; og, satt að segja, veit jeg ekki hvar ást vor til fósturjarðarinnar ætti fremur niður að koma enn á þessari vorri einustu vísindastiptun, sem landið hefur að mestu að að búa; því óhappasælt er það fyrir sjerhvert land, ef flytja skal til þess vísindi eins og annan varníng, úr öðrum löndum, er eigi getur fluzt nema á vissar hafnir; þessvegna er helzt að hinu að búa sem heima fyrir er og næst manni.

Vjer megum ekki gleyma, að menntun sú, sem skólinn á að veita, er ekki vegna þeirra sem í honum eiga að læra, heldur vegna landsins alls. Skólinn er fyrir landið, en ekki fyrir hina lærðu; því það er svo tilætlazt, að þeir sem þar nema, nemi í þeim tilgángi að geta ásíðan þess betur gagnast öðrum, þessi stiptan er því ekki einstakleg heldur *alþjóðleg;* hún er fyrir alla þá, sem nú lifa í landinu og fyrir þá, sem koma munu; frá einni kynslóð til annarar skal hún gánga í erfðir, og einsog *Íngólfur* nam hjer fyrstur land, svo munu og niðir hans og eptirkomendur vitja híngað víðsvegar úr landinu til að nema vizku og siðgæði, flytja þetta aptur heim með sjer, og af góðum sjóð hjarta síns útbýta aptur öðrum af því er þeir meðtóku.

Að vísu veitizt hænum *Reykjavík* bæði prýði og álit með skólanum, en hann var þess og maklegur; siðsömum únglíngum er hjer ekki meiri hætta búin, nema minni sje, enn annarstaðar; margra augu gæta þeirra; hinir ósiðsömu, ef nokkrir skyldu verða, munu þekkjast úr, og er það betur fyr enn seinna; því ekki mega þeir verða annara leiðtogar, sem ekki kunna að gæta sóma síns á æsku árunum, og þótt sumum kunni þykja það vafasamt, þá er það samt

eingu að síður satt, að það er til einkis, nema verra eins, að halda þeim *frá* heiminum, sem *í* heiminum eiga að lifa og verða öðrum til uppbyggíngar; það er lítið sem menn læra allskostar af sjálfum sjer, sízt það sem mestu varðar: að þekkja sjálfan sig og til hvers maður er fær; þetta lærist manni bezt af viðkynníngu við marga og innbyrðis ólíka.

Þótt mjer nú finnist að mart sje um að ræða, þá hlýt jeg samt að setja mjer skorður, og, svosem siður er til, velja mjer eitthvert það efni, sem viðeigi; þó má jeg ekki viðhafa það ræðusnið, sem mjer er tamast að undanförnu. Jeg vildi óska að kraptar mínir leyfðu mjer að mæla nokkrum þeim orðum, sem gætu sæmilega átt við þetta hátíðlega tækifæri, og nokkurneginn samboðið yðar sanngjarnri eptirvæntíngu.

Öllum kemur án efa saman um það, að *góður* skóli sje öllum mönnum, hvar sem þeir eru og búa í heiminum, einhver hin fyrsta og mesta nauðsyn, og má færa margar og mikilvægar sönnur á það mál, en jeg ætla þó í þetta skipti að fara fram á meira sem er það: *að eingri þjóð ríði meir á góðum skóla enn Íslendíngum.*

Þegar vjer nefnum *skóla,* þurfum vjer ekki að bæta því við, að vjer meinum lærðan skóla, því að undanteknum einum einasta barnaskóla hjer í bænum, er eigi nema *einn* skóli til í landinu, svo þegar skóli er nefndur er það lærður skóli eður, það sem oss er máskje tamara, latínuskóli, og er þó þetta orð næsta illa valið, einsog þar ætti mestmegnis að kenna latínu; því þó svo kunni að hafa verið forðum, þá er svo ekki leingur, heldur eru þar kennd margskonar vísindi, og er þeim að fjölga með tímanum, eptir því sem upplýsíngunni fer fram; gjöra menn sjer í öðrum löndum svo mikið far af þessu, að varla er það orðið vinn-

íngur að komast fram á þessum vegi, nema fyrir gáfaða og yðna únglínga. En svosem nú upplýsíngunni fer fram annarstaðar, þá er auðvitað að hörmulegt væri, ef vjer einir skyldum sitja á hakanum og ekki geta nokkurneginn fylgt tímunum. Vjer erum oflítil þjóð til að skapa nýjan tíma eður annan enn þann sem gjörist annarstaðar. Vjer verðum að fylgja, eins og bezt getum, þeim tíma sem gjörist meðal siðaðra og voldugra þjóða, er næstar liggja, eður vjer höfum spurn af; einkum erum vjer bundnir við Danmörku, og megum ekki verða svo apturúr, að vjer ekki nokkurneginn getum orðið Dönum samferða. Nú getum vjer það ekki að tímanlegri velsæld, ríkmannlegum atbúnaði, eður stórkostlegum fyrirtækjum, því vjer erum fátækir, fáliðaðir og strjálir, svo vjer náum ekki saman í svo stóru og þunnskipuðu landi, sem mestallt er fjöll og fyrnindi. Vjer getum því ekki fylgt öðrum þjóðum í þeim hlutum, sem ekki gjörast nema með miklum tilkostnaði eður mannafla, svo það eru *vísindin ein* eptir, sem vjer mundum helzt geta þreytt til kapps um. Að vísu útheimta þau í margan máta talsverðan kostnað, og eiga þar hin ríkari löndin ogsvo hægra; en eingin siðuð þjóð lætur sjer samt til hugar koma, að vera án skóla, og aldrei er hún svo fátæk, að hún eigi góðfúslega verji fjármunum honum til viðhalds og eflíngar; því að vilja eingan skóla hafa eður, sem enn er verra, einhverja ómynd, er sama sem að afneita öllu þjóðerni, og — þarsem vjer ekki höfum nema *einn* skóla, er líklegt að sá kostnaður muni landinu ekki ofvaxinn, einsog það liggur í augum uppi, að þareð hann er ekki nema *einn* þá ber því meiri nauðsyn til — með því að þá er ekki í annað hús að venda — að hann sje sem beztur. En — það er þó einkum annað sem gjörir, að vjer

fremur í vísindum enn öðru ættum að geta fylgt tímunum, og það er: að þau eru sjálf mjög svo bundin við hið *innvortis*, sem manninum er upphaflega af guði gefið, og sem hann hefur veitt oss Íslendíngum ekki síður enn öðrum þjóðum, en það eru *námsgáfur*, sem jeg einganveginn hermi að vjer höfum meiri enn aðrir, en fullyrði þó, að vjer höfum eigi síður enn aðrir; og í *þessu*, sem oss er gefið einsog öðrum þjóðum, megum vjer þá vel þreyta við þær, og erum þess heldur *skyldir* til þess, sem vjer ekki fáum þreytt við þær í öðru.

Land þetta á líka mikið fræðasafn fremur öðrum þjóðum á norðurlöndum, og hafa forfeður vorir með þessum ritgjörðum sínum, áunnið landinu mestan og lánggæðastan sóma; því að afreksverkum, er vjer svo köllum, báru þeir víst ekki af öðrum norðurbúum, en að vísindum einum báru þeir af þeim öllum, eins norðmönnum, sem þeir þó áttu kyn til að rekja, sem öðrum — þetta getur einginn nje vill af oss hafa. Þessvegna vil jeg spyrja, hvort það muni eigi líklegast oss til ágætis, að halda því sama fram, sem reynslan er búin að sanna, að vjer sjeum vel til hæfir og oss hefur dregið drjúgast til ágætis? Er það trúlegt, að vjer nú getum ekki leingur fylgt öðrum þjóðum í því, sem vjer áður höfum verið þeim miklu fremri í, eða eigum vjer að vera svo smálátir, að láta oss lynda það lof, sem forfeðurnir útvegnðu oss, án þess sjálfir að feta í þeirra fótspor? Nú er þetta síður enn ekki sagt á þá leið, að vjer eigi höfum haft, og ennþá höfum, marga vísindamenn. Þeir eru fleiri enn ætla mætti, og óvíst hvort þeir *að tiltölu* eru fleiri í nokkru landi öðru, en jeg ætla, að þetta sje ekki að þakka skóla vorum, einsog hann var fyrrum. En högun á skólanum á þó að votta um hið *vísindalega* ástand sjer-

hvers lands, og af honum er, sem vonlegt er, dregin ályktun um það, í hverjum metum vísindi sjeu höfð á hverjum stað; því þar sem menn hirða lítið um hvernig hann sje, þá er haldið að lítil upplýsíng sje fyrir, einsog það ræður að líkindum, að upplýsíngunni fari fram eptir því sem betra skipulag er á skólanum.

Þessvegna finnst mjer það liggja beint við, að land þetta geti einkis fremur æskt, enn að þess *einasti* skóli verði sem beztur, einkanlega ef því verður ekki hrundið, sem áður er sagt, að forfeður vorir hafi með vísindum áunnið landinu mestan heiður, samt að vjer, niðir þeirra, sjeum vel til þeirra fallnir, sem bezt má ráða af því, hversu marga lærða menn vjer höfum átt og eigum, þótt tilsögn hafi brostið í svo mörgum greinum, svo virðast má að í tjeðu efni hafi *náttúra* þjóðarinnar sýnt sig *náminu* ríkari. En — vilji nokkur *þjóð* vinna sjer til ágætis, þá verður hún að fara að einsog hver *einstakur maður;* hún verður ad hyggja að skapferði sínu og gáfnalagi, og taka það helzt fyrir sem henni muni bezt lagið; svo bezt mun hverri þjóð, sem hverjum einstaka manni, verða hamíngju auðið; og ef Íslendíngar hyggja rjett að sjálfum sjer og sögu sinni, þá geta þeir ekki rekið sjálfa sig úr vitni um, að þeim er gefinn mikill hæfilegleiki til lærdóms og mennta

Jeg vil ennþá geta þess, að mjer virðist einsog skaparinn í fleiru bendi á það, að *þessi* sje vor köllun; því honum þóknaðist að setja oss á þann hólma, sem liggur einsog útúr heiminum, hvar sumar er stutt, en lángur vetur, fáferðult manna á milli, og lítið til afspurnar nær eður fjær, náttúran svipmikil og alvarleg, fremur enn fögur og blíð, tilbreytíng lítil og skemmtanir nær því aungvar, mannfundir sjald-

gæfir. Hvað er nú eðlilegra, þar sem svona tilhagar, enn að menn stytti sjer dægur, og skapi sjer ánægjustund með því, að nema eitthvað til fróðleiks, sem manni er innanhandar og faung eru á. Enda veit jeg margan þann bónda í landinu, og er jeg þó víða ókunnugur, sem lætur sjer annt um, að búa sig svo undir veturinn, að honum verði sem bezt varið til uppfræðíngar á heimili sínu, bæði með að halda börnum til náms og láta lesa fyrir fólki sínu það, er skemmtilegt sje eður fróðlegt; þannig má svo heita, að hann setji skóla á heimili sínu. Og þetta er einmiðt það, sem vjer Íslendíngarnir eigum að hafa fyrir augum oss, að vjer erum ekki það sem vjer eigum að verða eður getum orðið, fyr enn *sjerhvert heimili á landinu er orðið sinn eginn heimaskóli.* En eigi þessu að verða framgeingt, þá ber hin mesta nauðsyn til að upplýsíngin sje glædd sem mest verður — en þeir, sem hana glæða, koma úr landsins skóla, og má því einnig í þessari grein vera mjög svo áríðandi, að hann sje sem beztur og þessu landi sem hagkvæmastur.

Það er enn eitt sem kallar Íslendínga til vísinda og mennta, sem jeg ætla að muni hvað mest í varið, og er það *túngumál* þeirra. Vjer tölum enn því sama máli sem hinir fyrstu landnámsmenn, og það málið, sem í fornöld var almennt á norðurlöndum, væri nú dáið og greptrað með forfeðrunum, ef vjer hefðum ekki varðveitt það ásamt svo mörgum fornfræðum sem á því eru rituð. Norðmenn, Danir, Svíar og Einglar hafa týnt því og tekið upp aðra túngu, en drottinn faldi það undir túngurótum lítillar og fátækrar þjóðar.

Þetta mál er svo ágætt, að það er með rjetti álitið veglegast allra norðurlanda mála, einsog það er uppspretta og undirrót þeirra allra, og finnst útlend-

um mönnum svo mjög til þess, að margir vísindamenn eru farnir að læra það, ekki einúngis í Norvegi, Danmörku og Svíþjóð, heldur og útá Þýzkalandi, Frakklandi og Einglandi, samt úti Vesturálfu, og fer það svo í vöxt á seinni tímum, að sumstaðar er búið að setja fasta kennendur við háskólana til þess að kenna íslenzku. En með því málið er gamallt, en tímarnir líða fram og leiða í ljós margar nýjar hugmyndir, þá er eigi alllítill vandi að halda því við hreinu og óspilltu; og þarf til þess góða kunnáttu, bæði á fornfræðum vorum, sem og á eðli málsins, að mynda ný orð fyrir nýjar hugmyndir, svo að ekki sje skotið inní útlendum orðum eður vikið frá þeim hugsunarmáta, sem þjóð vorri og túngu er eðlilegur.

Þegar vjer nú gætum þess sem oss liggur næst, sem er *móðurmálið*, þá er því svo varið, að það kallar oss til fjelagsskapar við lærða menn í Norður- og Vesturálfu heims, og er þó ekki annað fyrir að sjá, enn að það muni ná að vinna sjer álit víðar og hjá fleirum enn orðið er ennþá. Málið sjálft, sem Íslendíngar tala, er *lært mál*, og er einnig í því merkilegt, að hinir lærðu tala það ekki betur, nema miður sje, enn hinir ólærðu; þetta mál er eldra og merkilegra enn nokkurt annað á norðurlöndum; og sýnist mjer þetta vera ný uppörfun og alþjóðleg fyrir Íslendínga til að gefa sig við vísindum og unna þeim; til að fylgja í þessu tímunum og slíta eigi fjelag við önnur lönd, því síður sem þau leyta fjelagsskapar við oss, og leggja rækt við mál vort og fornfræði.

Jeg hef orðið að fara fljótt yfir allt þetta, og fremur drepið á enn útlistað það, sem mjer fannst að einkum mætti hvetja Íslendínginn til vísinda og þeirrar laungunar, að skóli vor — þessi einasta vísindastiptun landsins — mætti verða sem fullkomn-

astur. Mjer var hægt að sýna í almennu máli, hversu áríðandi góður skóli er sjerhverju landi, og er það mikið mál og mjög svo útlistað af lærðum mönnum; en — mig lángaði til að tala *einsog Islendíngur til Íslendínga.*

Þótt nú eingum geti komið annað til hugar, enn að góður skóli sje einhver hin mesta nauðsyn hvar sem er, þá verður samt hver sá, sem ann fósturjörðu sinni, að játa, að hvergi er meiri nauðsyn á honum enn *hjer á landi,* þar sem forfeðurnir, fornfræðin, afstaða landsins, kríngumstæðurnar, gáfnalagið, málið — þar sem *allt* rekur eptir að upplýsíngin fari sem mest vaxandi; — Og er í þessu tilliti minna áríðandi, hjer enn annarstaðar, að einstakir menn yfirgnæfi að lærdómi; en aptur ríður meir á því, hjer enn annarstaðar, að upplýsíngin verði *sem almennust*, að hún nái til sjerhvers heimilis.

Þeir sem koma frá skólanum eiga að útbreiða þessa upplýsíngu meðal almeníngs um landið — skólinn á Íslandi á að vera fyrir Íslendínga —; þessvegna er og áformað, að við *þenna* skóla sameinist *annar,* handa prestaefnum vorum, og mun hann að líkindum verða stofnaður að hausti, eða svo bráðlega sem verður; veit jeg að það liggur vorum allramildasta konúngi ríkt á hjarta, að hann fái sem bezt skipulag, og vildi jeg vjer kynnum svo til að gæta í því efni, sem *hans* vilji er til.

Vjer verðum allir að játa, að það er gleðilegt teikn tímanna, hversu mikil viðleitni nú er höfð á endurbót skólans, svo að síðan skóli komst á í landinu hefur aldrei verið jafnmikil rækt við hann lögð; með gleði og þakklátsemi verðum vjer og að játa, að vjer eigum stjórninni þetta að þakka, einkum hinum konúnglega vísindaelskara *KRISTJANI hinum áttunda.* Stjórnin hefur valdið upptökum

þessa máls, og gjört allt sitt til að því yrði sem bezt og skipulegast fyrirkomið.

En þeirri beztu og vitrustu stjórn er samt ómögnlegt að gjöra allt einni saman, einkum þar sem hún er fjarlæg og lítt kunnug; og nú kemur til vorra kasta, að vjer kunnum að færa oss í nyt hennar velvilja og sköruglegu aðgjörðir; að vjer með þegnsamlegri elsku metum rjett hennar viðleitni og eflum með samheldni, fylgi og bróðurlegri ást það málefni, sem er svo háleitt og veglegt, svo áríðandi fyrir oss og börn vor og allt þetta land, og sem sannast mun að undir er komin heill vor og álit framvegis.

Það má því vera eitthvert mesta gleðiefni, að vita þenna skóla falinn á hendur góðum og samvizkusömum kennendum, sem allir munu leggjast á eitt með það, sem geti orðið honum til gagns og sóma, bæði í vísindalegum framförum, sem og í siðgæðum og reglusemi hinna úngu manna, sem þeim verður trúað fyrir. Með viðkvæmni og þegjandi andvörpunum finn jeg til míns veikleika, er jeg hugsa útí þá nýju köllun, sem býður mjer að tala í dag, og eptirleiðis hafa afskipti af þessum skóla; með viðkvæmni, sem þó er gleðiblandin, hef jeg þá æru að tilkynna yður, að *Dr.* Sveinbjörn Egilsson er forstöðumaður þessa skóla — jeg gjöri það með *viðkvæmni*, því við höfum þekkst í æsku, geingið síðan hver sína götu, en mætumst nú aptur á efri árum, kvaddir til nokkurskonar samvinnu. Jeg tilkynni þetta með *gleði*, því þjer þekkið, einsvel og jeg, hans framúrskarandi gáfur, lærdóm og aðra kosti, sem gjöra hann svo vel hæfan til þess vandaverks, sem hann hefur á hendur tekizt. Þjer þekkið og hinn æruverða yfirkennara, *Dr.* Scheving, og *Adjunct* Gunnlögsen, sem reyndir eru að hvoru-

tveggja, lærdómi og mannkostum. Allir þessir hafa borið hita og þúnga dagsins, ekki einúngis í landsins heldur og í lífsins skóla, og þeir vita hvað þeir takast á hendur; þeir þekkja og lamin sem guð veitir, þegar hann gefur góðan jarðveg, samt dögg og sólskin af himni og margfaldan ávöxt, svo að sá sem yrkti verður glaður með sjálfum sjer, en viðurkennir þó í hjarta sínu, að hann er ekkert, heldur er *sá* allt, sem ávöxtinn gefur. Auk þessara manna eru valdir 2 úngir menn til kennenda, sem hafa álit bæði fyrir góða þekkíngu og gott siðferði. Annar þessara er valinn í stað hinns lærða málfræðíngs Konráðs Gíslasonar, sem kosinn er fastur kennari við skólann, en sem menn ekki gátu viðbúist að mundi taka við embættinu árlángt.

Það veiti æðstur drottinn, af mildi sinni og náð, að allir þessir megi í einum anda, með ráði og dáð stunda það verk, sem þeim er trúað fyrir, en það er, að frama vísindi meðal vor og smekk fyrir öllu fögru og góðu; þeir mega ekki afmarka sjer visst svið, svo þeir hafi ekki eitthvert æðra fyrir augunum; þeir verða að hugsa um hvernig altaf verði komist leingra áleiðis.

Ekki má jeg, nje vil jeg, hliðra mjer hjá, að ávarpa yður, æskumenn! lærisveina í þessum skóla. Hversu góða kennendur sem þjer hafið, þá er samt ekki víst að skólinn fyrir það nái tilgángi sínum. Ekki er hvað minnst komið undir sjálfum yður — Skólinn verður sjer ekki til mínkunar, ef þjer gjörið honum eingan vansa. Það er hvorki þetta hús nje kennendurnir, sem eru *skóli,* heldur eruð *þjer sjálfir skólinn,* því *yðar vegna* er bæði húsið byggt og duglegir kennendur tilfeingnir. Allt er því undir yður sjálfum komið. Það sem til er ætlazt af yður er: ráðvendni, auðsveipni, kurteisi, námfýsi, þrifn-

aður, reglusemi; og þegar jeg nefni allt þetta, skal einginn yðar geta annað sagt, enn að það sje allt á yðar valdi, og að það jafnframt sje yður sjálfum fyrir beztu — Látið yður aldrei gleymast, að þeir sem eiga yfir yður að segja, hafa *rjett* til að *heimta* allt þetta af yður, og vitið, að ef þjer vanrækið eitthvað af því, þá eruð þjer komnir á þann stað, hvar það mun bezt henta að lempninni fylgi nokkur strángleikur. Þessvegna finn jeg skyldu mína að gjöra öllum það vitanlegt í tíma, að sjerhver ósiðsemi, hirðuleysi eða yðjuleysi, mun hjer finna stránga dómendur. En — góður guð mun gefa það yður og öllum sem aðstanda, að þjer leggið allt fram sem í yðar valdi stendur, og heiðrið fósturjörð yðar, gleðjið foreldra, kennendur og vini, og sæmið yður sjálfa með því, að stuðla til þess, ásamt kennendum yðar og öðrum, að þessi skóli nái þeim framförum, sem til er ætlazt bæði af innlendum og útlendum. Biðjið drottinn, að hann láti eingan blett falla á yðar æsku.

Þá er enn *þetta hús* — það sýnir hversu mikils stjórnin metur vísindin, er hún hefur svo miklum kostnaði varið til byggíngarinnar, og er sá andi hjá öllum siðuðum og upplýstum þjóðum í heimi, að þeim þykir óvirðíng í, að slík hús sjeu lítilfjörleg eður lítt vönduð, og meta þær í því meir sóma sinn enn tilkostnaðinn. Það þykir og vel til fallið, að æskumenn venjist við að sjá í kríngum sig það, sem fallegt er, og þrifalegt og þokkalegt; eykur það hjá þeim góðan smekk og getur síðan í lífinu sjezt á ýmsu; því þó þeir, sem hjer læra, sjaldnast muni verða auðmenn, þá á samt hjer heima, að opt má lítið laglega fara, og rætist það jafnan þar sem á annað borð góður smekkur er fyrir.

En — nú er kominn tími til — og máskje er hann kominn fyrir laungu — að jeg víki að niðurlagi þessa máls. Það *er* ekki, og *verður aldrei* kunnugt nema þeim *eina*, hver tilfinníng eður alvara mjer býr í brjósti. Af því jeg trúi því, að orðið sje ekki ávaxtarlaust, hvenær sem andinn er því samfara, svo hef jeg nú, sem endrarnær, beðið drottinn þess, að hann vildi leggja mjer orð í munn, ekki svo *það*, sem býr í hyggjuviti sjálfs míns — jeg veit að mjer ber einganveginn að reiða mig á það — heldur *hitt*, er honum mætti þóknast að veita fyrir sinn anda, þegar menn gleyma *sjálfum sjer*, til að muna eptir *honum*, sem í veikum er máttugur, sem alla hluti kann yfirgnæfanlegar að gjöra enn vjer höfum vit á um að biðja, sem er uppsprettulind allrar blessunar, svo að allt það sem ekki er stofnað í hans nafni, verður að detta um sjálft sig og verða að eingu, hversu sterkan grundvöll sem mennirnir þykjast hafa lagt; einsog það, sem stofnað er í *hans* nafni með hjartanlegri og alvarlegri trú, mun standast, hversu sem það í fyrstu kann sýnast að vera á veikum grundvelli byggt — Allt eigum vjer á endanum á guðs náð. Af því þetta er sannleikur, þá er *bæninni* úthellt í hvers manns brjóst; af þessu er og það orðið, að kirkjurnar og ölturin standa hvervetna á jörðunni, en kirkjan hefur fætt af sjer skólann; ekkert af þessu er skjeð fyrir *mannsins* vilja, heldur af *guðs fyrirhuguðu ráði* — þessvegna getur ekkert þetta blessast án *hans*, sem er upphaf og endir.

Í *hans* nafni — og án þess að hugsa um nokkuð annað enn hann — lýsi jeg þá blessaninni yfir þessu húsi og þeim skóla sem í því er stofnsettur, og jeg gjöri það í nafni heilagrar þrenníngar, föður, sonar og hei-

lags anda, með þeirri bæn til hinns alvalda: að hann vilji byggja húsið, og láta sinn góða anda búa í því, svo kennendur og lærisveinar megi lifa þar einsog feður og synir; — að margir merkismenn megi hjeðan útgánga, er seinna verði fósturjörðu sinni til gagns og gleði, svo að þjóðirnar, sem nú eru farnar að gefa oss auga, megi viðurkenna, að andi forfeðranna sje enn yfir oss; — að þessi skóli megi blómgast og ávaxtast um ókomnar aldir, og standa meðal vor Íslendínga, einsog ógleymanlegur minnisvarði konúngsins ástúðlegu umhyggju, einsog hin bezta gjöf guðlegrar forsjónar.

Að svo fyrirmæltu kveð jeg yður alla í drottni.


Lbs - Hbs / Þjóðdeild

101104075-1

1 8 4 6.

Kostar 12 *sk.*